

## VIÐSKIPTAYFIRLIT JANÚAR 2016 – NASDAQ ICELAND

**Reykjavík, 1. febrúar, 2016** – Nasdaq (Nasdaq:NDAQ) gefur út viðskiptayfirlit mánaðarlega fyrir kauphallir sínar á Norðurlöndunum og í Eyrstrasaltsríkjunum.

Helstu atriði úr viðskiptayfirliti Nasdaq Iceland (Kauphallarinnar) fyrir janúar 2016 eru eftirfarandi:

### Hlutabréf:

- Heildarviðskipti með hlutabréf í janúarmánuði námu 57.947 milljónum eða 2.897 milljónum á dag. Það er 143% hækkun frá fyrri mánuði, en í desember námu viðskipti með hlutabréf 1.193 milljónum á dag. Þetta er 145% hækkun á milli ára (viðskipti í janúar 2015 námu 1.181 milljón á dag).
- Mest voru viðskipti með bréf Icelandair Group (ICEAIR), 17.824 milljónir, Marel (MARL), 9.034 milljónir, Haga (HAGA), 4.644 milljónir, Símans (SIMINN), 4.299 milljónir, og Eimskipafélags Íslands (EIM), 3.859 milljónir.
- Úrvalsvisitalan (OMX18) lækkaði um 4,2% á milli mánaða og stendur nú í 1.802 stigum.
- Á Aðalmarkaði Kauphallarinnar var Landsbankinn með mestu hlutdeildina, 27,6% (26,4% 2015), Arion banki með 24,6% (23,0% 2015), og Íslandsbanki með 17,0% (18,1% 2015).
- Í lok janúar voru hlutabréf 20 félaga skráð á Aðalmarkaði og Nasdaq First North á Íslandi. Nemur heildarmarkaðsvirði skráðra félaga 1.000 milljörðum króna (samanborið við 1.049 milljarða í desember).

### Skuldabréf:

- Heildarviðskipti með skuldabréf námu 150 milljörðum í síðasta mánuði sem samsvarar 7,5 milljarða veltu á dag. Þetta er 14% hækkun frá fyrri mánuði (viðskipti í desember námu 6,6 milljörðum á dag), og 61% hækkun frá fyrra ári (viðskipti í janúar 2015 námu 4,7 milljörðum á dag).
  - Alls námu viðskipti með ríkisbréf 126,4 milljörðum, viðskipti með bankabréf námu 12,1 milljarði og viðskipti með íbúðabréf námu 10,4 milljörðum. Mest voru viðskipti með *RIKB 20 0205*, 24,5 milljarðar, *RIKB 25 0612*, 23,1 milljarður, *RIKB 22 1026*, 23,1 milljarður, *RIKB 19 0226*, 21,7 milljarðar og *RIKB 31 0124*, 14,5 milljarðar.
  - Á skuldabréfamarkaði var Kvika banki með mestu hlutdeildina 24,9% (27,9% 2015\*), Íslandsbanki með 20,1% (19,6% 2015) og Arion banki með 19,9% (19,6% 2015).
-

- Aðalvísitala skuldabréfa (NOMXIBB) lækkaði um 0,7% í janúar og stendur í 1.164 stigum. Óverðtryggða skuldabréfavísitala Kauphallarinnar (NOMXINOM) lækkaði um 0,6% og sú verðtryggða (NOMXIREAL) lækkaði um 0,7%.

*\*Samanlögð hlutdeild Kviku banka og Straums fjárfestingabanka*

Fyrir frekari upplýsingar um tölfræði og tölfræðiáskrift sjá

<http://www.nasdaqomx.com/transactions/markets/nordic/statistics>

#

### Um Nasdaq

Nasdaq (Nasdaq:NDAQ) er leiðandi í þjónustu á sviði verðbréfavíðskipta, kauphallartækni, eftirlits, skráninga, upplýsingaþjónustu og þjónustu við skráð fyrirtæki í sex heimsálfum. Nasdaq gerir viðskiptavinum sínum kleift að skipuleggja, hagræða og framkvæma framtíðarsýn sína í viðskiptum af öryggi, með margreyndri tækni sem veitir gagnsæi og innsýn í nútíma alþjóðlega fjármálamarkaði. Nasdaq er frumkvöðull í rafrænum kauphallarviðskiptum, en tækni þess er notuð á yfir 70 mörkuðum í 50 löndum og knýr um það bil ein af hverjum 10 viðskiptum í heiminum. Nasdaq er heimili meira en 3,600 skráðra fyrirtækja að markaðsvirði yfir 9.6 billjón Bandaríkjadala. Fyrir meiri upplýsingar, heimsæktu <http://business.nasdaq.com/>

### *Fyrirvari vegna staðhæfinga um framtíðarhorfur*

Þau mál sem hér er skýrt frá taka til staðhæfinga um framtíðarhorfur sem gerðar eru samkvæmt svonefndum Safe Harbor ákvæðum í bandarískum verðbréfalögum frá 1995 (Private Securities Litigation Reform Act of 1995). Þessar staðhæfingar taka meðal annars til en takmarkast þó ekki við staðhæfingar um afurðir og þjónustu Nasdaq. Við minnum á að þessar staðhæfingar eru ekki trygging fyrir framtíðarafkomu. Raunveruleg niðurstaða kann að vera allt önnur en sú sem fram kemur berum orðum eða með öðrum hætti í staðhæfingum um framtíðarhorfur. Í staðhæfingum um framtíðarhorfur eru ýmsir áhættu- og óvissuþættir eða aðrir þættir sem Nasdaq hefur ekki stjórn á. Þessir þættir byggjast á en takmarkast þó ekki við þætti sem gerð er grein fyrir í ársskýrslu Nasdaq á svonefndu Form 10-K og árshlutaskýrslum sem sendar eru til bandaríska verðbréfaeftirlitsins. Við tökumst ekki á hendur neinar skuldbindingar um að endurskoða að neinu leyti staðhæfingar um framtíðarhorfur.

Nasdaq Nordic lýsir sameiginlegri þjónustu Nasdaq Copenhagen, Nasdaq Helsinki, Nasdaq Iceland og Nasdaq Stockholm.

### FJÖLMIÐLASAMSKIPTI

- + Kristín Jóhannsdóttir
- + 525 2844
- + [kristin.johannsdottir@nasdaq.com](mailto:kristin.johannsdottir@nasdaq.com)